

Samskipta- og siðareglur Stafa

1. gr. Almenn atriði

- 1.1. Stjórn Stafa og starfsmenn gera sér ljóst þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga.
- 1.2. Stjórn Stafa er meðvituð um að ákvarðanir um viðskipti sem teknar eru af starfsmönnum aflar aðilum á fjármálamarkaði þjónustutekna. Allar slíkar þóknanir skulu bókaðar og flokkaðar eftir viðskiptavinum. Við endurskoðað uppgjör og könnunaruppgjör skulu slíkar þóknanir birtar stjórn.
- 1.3. Skv. 1. mgr. 36. gr. laga um lífeyrissjóði segir að stjórn beri að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Stjórn Stafa er meðvituð um mikilvægi þess að starfsmenn verði að vera í stöðugu sambandi við þjónustuaðila á fjármálamarkaði. Stjórn Stafa áréttir mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggi gott viðskiptasiðferði, hagsmuni sjóðfélaga og að virtar séu væntingar sjóðfélaga.

2. gr. Upplýsingaskylda starfsmanna til stjórnar

- 2.1. Til að sjálfstæði og trúverðugleiki starfsmanna Stafa verði tryggt þarf að ríkja algert gagnsæi. Starfsmönnum er því skylt að gera stjórn grein fyrir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra.
- 2.2. Starfsmenn skulu jafnframt gera stjórn grein fyrir þeim gjöfum og risnu sem þeir þiggja af þjónustuaðilum á fjármálamarkaði enda fari áætlaður kostnaður yfir skynsemismörk.
- 2.3. Starfsmönnum Stafa er óheimilt að hvetja til þess að þeim verði gefnar gjafir eða annan ávinning frá þjónustuaðilum.

3. gr. Fundir og ferðir vegna einstakra viðskipta

- 3.1. Starfsmenn Stafa eru kvattir til að sækja fundi um einstaka fjármálaafurðir sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum enda leiði slíkir fundir til viðvarandi upplýsingastreymis til sjóðsins um viðskiptatækifæri sem sjóðnum býðst. Með því er það mat stjórnar að betur takist að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.
- 3.2. Slíkir fundir verða að hafa skýrt kynningarinnihald, sem byggir á gögnum sem lögð eru fram á fundum því til stuðnings. Slíkum gögnun skal haldið til haga hjá Sjóðnum ef af viðskiptum verður á meðan sjóðurinn er eigandi af viðkomandi eignum og í a.m.k. í eitt ár ef ekki verður af viðskiptum. Í kynningar- og fræðslugögnum verður að koma skýrt fram í hvaða tilgangi kynningin er boðuð.

- 3.3. Vettvangur slíkra funda ætti ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Krefjist slíkir fundir ferðalaga skal sjóðurinn bera allan kostnað vegna ferða og upphalds á meðan á kynningu stendur.
- 3.4. Þjóði þjónustuaðili upp á útvistar- eða skemmtiatriði svo sem íþróttaviðburði í tengslum við slíkan fund skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi, skynsamlegir og einskorðaðir við tilgang atburðarins. Gert er ráð fyrir að slíkir viðburðir taki hlutfallslega skamman tíma.

4. gr. Fræðslufundir og ferðir vegna langvarandi viðskiptasambands

- 4.1. Starfsmönnum Stafa er heimilt að sækja fræðslufundi sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum enda leiði slíkir fundir til viðvarandi upplýsingastreymis til sjóðsins sem nýtist við langtíma stefnumótun. Með því er það mat stjórnar að betur takist að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.
- 4.2. Stjórn Stafa er meðvituð um að vettvangur slíkra funda getur krafist ferðalaga. Í því tilfelli skal sjóðurinn bera allan kostnað vegna ferða og upphalds á meðan á fundi stendur.

5. gr. Ráðgefandi tengsl starfsmanna og þjónustuaðila

- 5.1. Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga um lífeyrissjóði þá er framkvæmdastjóra óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Kynnt fyrir stjórn í október 2007